


Vinastund II

Þrautsegja



Umræður:

Hugmyndir af spurningum.

o Hvað er þrautsegja?

o Getið þið nefnt dæmi þar sem þið hafið sýnt þrautsegju?

Leikur:

Hjálp!

Börnin hreyfa sig um svæðið með pappír eða grjónapoka á höfuðinu. Ef það dettur er barnið frosið og verður að standa kyrrt. Annað barn getur svo snert frosna barnið til að frelsa það. Þá sækja þau pappírinn/grjónapokann setja hann á höfuðið og halda áfram.

Verkefni:

Ísmolaáskorun!

Þetta þarf að undirbúa nokkrum dögum áður! Skiptið hópnum upp í 2-3 manna hópa. Hver hópur fær ísmola með krónu eða öðrum smáhlut sem er til innan í. Markmiðið er að vera fyrsti hópurinn til að ná hlutnum úr klakanum, en án þess að setja klakan í munninn, lemja honum í hluti eða lemja hann með hlutum!

í lokinn:

o Var erfitt að ná hlutnum úr klakanum? af hverju? af hverju ekki?

o vilduð þið gefast upp? af hverju? af hverju ekki?

Lok:

Farið er yfir hvað við lærðum í stundinni og endað með kveðjustundinni og allir fá að velja aðferð: Knús - handaband - klesst'ann eða veifa

